

Borgarráð

Tillaga um hugarflug vegna útfærslu á Grófarhúsi

Lagt er til að stofnað verði tímabundið flugráð sem falið verði að fara í hugarflug vegna útfærslu á Grófarhúsi, menningarhúsi. Unnið er að stækkun Grófarhúss sem verði Hús orðsins og nái utan um samtál, lýðræði, orðlist og bækur og allra handa lifandi upplýsingamiðlun. Í þeirri vinnu verði einnig litið til svæðisins í kring og hvernig það geti stutt við starfsemi hússins, til dæmis með ævintýrasvæði fyrir börn og leikvelli, ásamt þjónustu við alla aldurshópa. Í þessum tilgangi verði sett á fót flugráð með breiðum hópi fólks á ólíkum aldri, svo sem fulltrúum barna og unglunga, rithöfundum, kennurum, innflytjenda og fleirum, ásamt fulltrúum umhverfis- og skipulagssviðs, borgarbókaverði og öðrum fulltrúum menningar- og ferðamálasviðs. Umsjón verkefnisins og utanumhald verði í höndum umhverfis- og skipulagssviðs sem og menningar- og ferðamálasviðs. Tillaga verði lögð fyrir borgarráð eigi síðar en 15. maí 2018. Henni fylgi drög að verk- og kostnaðaráætlun.

Greinargerð:

Húsið að Tryggvagötu 15, eða Grófarhúsið eins og það er kallað, var byggt í tveimur áföngum árið 1930 og hefur þjónað ýmsu hlutverki í gegnum árin. Nú eru í húsinu starfrækt þrjú af söfnum Reykjavíkurborgar, Borgarbókasafnið, Ljósmyndasafnið sem er hluti af Borgarsögusafni og Borgarskjalasafnið. Verið er meta tillögur að endurbættu útliti Grófarhússins og að reisa viðbyggingu vestan við Grófarhús. Ljóst er að þær breytingar sem nú eru í undirbúningi á húsnaðinu skapa tækifæri til að hugsa starfsemi þess sem eina heild. Markmiðið er að húsið verði enn fjölsóttara menningarhús á fjölförnum stað í miðborginni og að útivistarsvæði í kring myndi jafnvel teygja sig yfir á Miðbakkann, og til Hafnarhússins, Listasafns Reykjavíkur, sem er í næsta nágrenni. Útfæra þarf starfsemi hússins nánar svo hægt verði að halda áfram endurskipulagningu húsnaðisins í heild og ljúka viðbyggingu þess. Mikilvægt er að hönnun og útlit taki mið af starfsemi hússins.

Lagt er til að umhverfis- og skipulagssviði og menningar- og ferðamálasviði verði falið að gera tillögur að fulltrúum í flugráð og að sú tillaga verði lögð fyrir borgarráð.

Dagur B. Eggertsson

